

Útgefandi: Kvika banki hf.

Viðauki við lýsingu, dagsetta 24. mars 2017, vegna umsóknar um töku víxla útgefanda, KVB 17 9021, til viðskipta í Kauphöll Íslands

Viðauki þessi er birtur á grundvelli 46. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 sem varða tilvik þegar fram koma „mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingu, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum“. Lýsing Kviku skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í lýsingu jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta lýsingarinnar.

Kafla 3.2.3. í útgefandalýsingu

Eftirfarandi texti í kafla 3.2.3. í útgefandalýsingu er fellur út:

„Vinnu við áreiðanleikakannanir er lokið og viðræður um nánari útfærslu á sameiningu félaganna yfirstandandi.

Tilkynningin hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

<https://cns.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=750931&messageId=941345>

Í stað brottfelda textans í kafla 3.2.3. í útgefandalýsingu kemur eftirfarandi texti:

„Þann 28. mars 2017 tilkynnti útgefandi að stjórnir Virðingar hf. og Kviku banka hf. hefðu tekið sameiginlega ákvörðun um að slíta viðræðum um sameiningu félaganna. Nálgast má tilkynninguna í heild sinni undir eftirfarandi vefslóð:

<https://cns.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=765613&messageId=961276>

Önnur atriði

Framangreind tilkynning sem áður hefur verið birt opinberlega er með viðauka þessum felld inn með tilvísun í lýsingu dagsetta 24. mars 2017, útgefna af Kviku banka hf. og skal skoðast sem órjúfanlegur hluti af grunnlýsingunni, og er tiltekin í kafla 8. í útgefandalýsingunni sem skjöl til sýnis. Vefslóðin sem brottfeld er úr kafla 3.2.3. skal jafnframt brottfeld úr kafla 8. í útgefandalýsingu sem skjöl til sýnis og kafla 8.1, um upplýsingar sem eru felldar inn með tilvísun.



Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Kviku banka hf. sem útgefanda að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 29. mars 2017

Þorsteinn Pálsson
formaður stjórnar

Sigurður Atli Jónsson
forstjóri

